

Ungmennasambandið Úlfljóttur

82. ársþing



Haldið í Mánagarði í Nesjum

26. mars 2015

Stjórn USÚ 2014

Matthildur Ásmundardóttir, formaður

Páll Róbert Matthíasson, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

form. Ásgrímur Ingólfsson

- Badmintondeild
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálssípróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuboltadeild
- Skíðadeild
- Sunddeild
- Kraftlyftingadeild

Ungmennafélagið Máni

form. Sveinn Rúnar Ragnarsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

form. Bryndís Hólmarsdóttir

Golfklúbbur Hornafjarðar

form. Gísli Páll Björnsson

Ungmennafélag Öræfinga

form. Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursípróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

form. Margeir Guðmundsson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

form. Ingólfur G. Einarsson

Dagskrá 82. ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta.
4. Kosning þingritara.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir:
 - a. Landsmótanefnd.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar.
10. Ávörp gesta.

Þinghlé

11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
13. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
14. Útnefning íþróttamanns ársins 2014
15. Önnur mál
 - a. Íþróttanefnd skipuð af Sveitarfélaginu Hornafirði
16. Kosning.
 - a. Kosning stjórnar
 - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2014

Starfsemi ungmennasambandsins hefur verið með hefðbundnum hætti árið 2014. Stjórnin hefur fundað reglulega. Stjórn UMFÍ fór hringferð um landið og kom við hjá okkur í Sindra húsinu á síðasta ári. Þar áttum við spjall við stjórnarmenn um íþróttahreyfinguna. Stjórn ÍSÍ lagði einnig upp í hringferð og skoðuðu íþróttamannvirki. Mikil ánægja var með þá aðstöðu sem við höfum hér og nokkur umræða skapaðist um umgjörð íþróttastarfsins. Það er ljóst að fámennið er farið að setja strik í reikninginn í kringum íþróttastarfið á Hornafirði. Fjölbreytnin er töluverð sem er gott en það er nauðsynlegt að efla samstarf milli mismunandi íþróttagreina svo hægt sé að halda uppi öflugum og fjölbreyttu íþróttastarfi.

Unglingalandsmót var haldið á Sauðárkróki. Þangað fór stór hópur keppenda frá USÚ að vanda og stóðu keppendur sig vel. Mótið tókst mjög vel í alla staðin og viðraði vel. Uppi hafa verið hugmyndir um að stjórn USÚ kaupi tjald sem notað verði á landsmótum sem samkomustaður fyrir keppendur og aðstandendur á tjaldsvæði. Ég legg til að það verði nú tekið til sérstakrar skoðunar. Hvatt hefur verið til þess að skipuð verði landsmótsnefnd sem starfar allt árið og var það gert á síðasta þingi. Það hefur alltaf gefist vel að halda vel utan um keppnishópinn og mætti gera enn betur í því.

USÚ hefur tekið þátt í verkefninu Fjölskyldan á fjallið undanfarið ár. Nú er gestabók í Haukafelli en ekki hefur verið farið með gestabók á Ketillaugarfjall ennþá en það stendur vonandi til bóta. Einnig eru gönguleiðirnar fyrir Horn og um Almannaskarð hluti af þessu verkefni, Almannaskarðið hefur nú vinninginn í fjölda kvittana enda vinsæl gönguleið.

USÚ tók þátt í verkefninu MoveWeek eða hreyfiviku sem UMFÍ heldur utan um en verkefnið er alþjóðlegt og hefur það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu íbúa heimsins. Verkefnið lukkaðist ágætlega þó það hefði mátt vera meiri þátttaka á meðal íbúa. Það er gaman að taka þátt í verkefni eins og þessu sem sameinar alla aldurshópa samfélagsins. Reynt var að vekja athygli á því íþróttastarfi sem nú þegar er til staðar á Hornafirði ásamt því að prófa eitthvað nýtt. Vonandi lukkast verkefnið enn betur næsta haust en hreyfivikan er ávallt haldin að hausti.

Það hafa verið vangaveltur stjórnar undanfarið ár á breytingum á lottóreglum sambandsins. Við höfum sent þær vangaveltur áfram til aðildafélaga en ekki fengið mikil viðbrögð. Vangavelturarna ganga út á það að breyta lottóreglunum á þann veg að einungis félög sem halda uppi barna- og unglíngastarfi fái úthlutað. Stjórnin ákvað að aðhafast ekkert frekar að sinni enda taka slíkar breytingar lengri tíma. Stjórnin leggur hins vegar til breytingu á lottóreglum á þann veg að hlutur USÚ skerðist, verður 15% í stað 20% og 5% fari í Styrktar- og afrekssjóð USÚ. Vonumst við til að vel verði tekið í þessar breytingar.

Stjórnarmenn og aðrir sækja reglulega fundi UMFÍ og ÍSÍ. Haldinn var vofundur UMFÍ í Grindavík, ekki tókst að senda fulltrúa á þann fund. Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn í

Stjörnuheimilinu í Garðabæ, og hann sótti Valdemar Einarsson. Valdemar sótti íþróttaping ÍSí fyrir hönd USÚ og Matthildur sótti formannafund ÍSí.

Ég vil minna þinggesti á heimasíðu USÚ, www.usu.is en þar má finna lög sambandsins, metaskráningu í frjálsum og ýmis konar fróðleik tengdan sambandinu. Einnig erum við með fésbókarsíðu sem ég hvet sem flesta til að líka við.

Í lokin langar mig að minna á Fræðslu og verkefnasjóð hjá UMFÍ en þar er hægt að sækja um styrki til ýmissa verkefna meðal annars til þjálfaramenntunar. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári og hvet ég ykkur til að kynna ykkur hann.

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Á árinu 2014 var úthlutað úr sjóðnum til þriggja einstaklinga. María Birkisdóttir hlaut hæsta styrkinn til æfinga- og keppnisferða. Tvö ungmenni hlutu styrk til að fara í ungmennabúðir á vegum UMFÍ til Norðurlanda, það voru þau Helgi Sæmundsson og Salóme Morávek Jóhannsdóttir.

Ársreikningur USÚ 2014

	2014	2013	
Rekstrartekjur			
Lottó	4.573.938	3.906.621	
Styrkir	171.452	294.448	1)
Styrkur vegna ULM	1.000.000	2.400.000	2)
Hagnaður af mótum	1.027.272	263.438	3)
Uppgjör frjálsípróttad. Sindra vegna reikninga FRÍ.	57.250	0	
Treyjur	0	120.500	
Rekstrartekjur alls	6.829.912	6.985.007	

Rekstrargjöld			
Lottó til aðildarfélaganna	3.262.355	3.014.644	
Auglýsingar og heimasíða	7.233	31.726	4)
Verðlaun	16.398	9.851	
Ferða- og fundakostnaður	87.581	186.705	
Styrkir	191.757	1.042.353	5)
Styrkur vegna ULM	1.000.000	4.000.000	2)
Meistaramót Íslands 15-22 ára	0	337.367	
Annar mótakostnaður	0	0	
Treyjur	0	161.545	
Annað	95	168.245	
Rekstrargjöld alls	4.565.419	8.952.436	

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	2.264.493	-1.967.429	
----------------------------------	-----------	------------	--

Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur	37.686	35.135	
Fjármagnstekjuskattur	-7.537	-7.026	
Fjármagnsliðir alls	30.149	28.109	

Hagnaður/Tap	2.294.642	-1.939.320	
--------------	-----------	------------	--

Að frádregnum styrkjum vegna ULM 694.642 -339.320 6)

Efnahagsreikningur 31.12.2014

Eignir			
Bankainnistæður	5.883.999	3.589.357	
Afrekssjóður	5.438.743	5.543.845	
Eignir alls	11.322.742	9.133.202	

Skuldir		
Ógreitt til aðildarféлага v. áramót	1.726.580	1.405.536
Ógreitt lottó til Skotfélagsins	75.988	0
Ógreiddir reikningar	0	0
Skuldir alls	1.802.568	1.405.536

Skuldir og eigið fé 31.12.2014	9.520.174	7.727.666
<i>Að frádrögnum afrekssjóði</i>	4.081.431	2.183.821

- 1) Getraunir. Fer allt í rekstur tippstofu Sindra.
- 2) Styrkir úr ríkissjóði vegna ULM. Voru settir inn á almennan reikning USÚ vegna þess að ekki var búið að stofna sérstakan reikning fyrir ULM þegar sótt var um styrkina. Þetta var í raun styrkur vegna uppbyggingar landsmótsstaða og var greiddur til Sveitarfélagsins.
- 3) Uppgjör bankareiknings ULM 2013. Hlutdeild USÚ í rekstrarafgangi.
- 4) Greitt er fyrir hýsingu á usu.is annað hvert ár.
- 5) Tippstofan og Sindraskráin.
- 6) Reikningurinn frá 2013 sýndi í raun óeðlilega mikinn taprekstur vegna styrkja úr ríkissjóði. Þar af leiðandi sýnir þessi reikningur óeðlilega mikinn hagnað. Jafnvægi ætti að koma fram í næsta ársreikningi.
- 7) Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu skilaði ekki starfsskýrslu fyrir árið 2013.

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.

Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2014

	2014	2013
Rekstrartekjur		
Lottó	0	0
Rekstrartekjur alls	0	0

Rekstrargjöld		
Styrkir	260.450	0
Rekstrargjöld alls	260.450	0

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-260.450	0
----------------------------------	----------	---

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	194.184	196.609
Fjármagnstekjuskattur	-38.836	-39.321
Fjármagnsliðir alls	155.348	157.288

Hagnaður/Tap	-105.102	157.288
--------------	----------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2014

Eignir		
Aftekssjóður	5.438.743	5.543.845
Eignir alls	5.438.743	5.543.845

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.

Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Tillögur og ályktanir

Tillaga 1

Tillaga frá stjórn USÚ

82. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015, hvetur ungmennafélaga til að fjölmenna á landsmót UMFÍ 50+ sem haldið er á Blönduósi 26.-28. júní og á unglíngalandsmót UMFÍ sem verður haldið á Akureyri um verslunarmannahelgina.

Tillaga 2.

Tillaga frá stjórn USÚ

82. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015, hvetur stjórn Umf. Sindra, og annarra aðildarfélaga, til að leita leiða til að auka samstarf yngri flokka í ólíkum íþróttagreinum, með það að markmiði að draga úr brottfalli og kynna sem flestar íþróttagreinar fyrir börnunum. Þetta væri hægt að gera í formi íþróttaskóla.

Tillaga 3.

Tillaga frá stjórn USÚ

82. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015, fagnar því hversu vel hefur tekist að efla barna- og unglíngastarfi hjá Hestamannafélaginu Hornfirðingi um leið og hvatt er til áframhalds þar á.

Tillaga 4.

Tillaga frá stjórn USÚ

82. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015, hvetur ungmennafélög til að standa saman að því að halda unglínganámskeið yfir sumartímann þar sem sett er upp dagskrá fyrir aldurshópinn 10-16 ára.

Tillaga 5.

Tillaga frá stjórn USÚ

82. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015, hvetur stjórnir aðildarféлага USÚ til að ræða skiptingu lottótekna og senda stjórn USÚ tillögur að sanngjarni skiptingu lottótekna. Þetta skal gerast nokkru fyrir ársþing 2016 svo hægt sé að afgreiða málið á ársþingi 2016.

Tillaga 6.

Tillaga frá stjórn USÚ

82. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglum um skiptingu lottótekna: Í stað þess að 20% heildarupphæðar renni til USÚ, þá skuli 15% renna til USÚ, en 5% í styrktar og afrekssjóð USÚ.

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ (eins og þær eru)

20% – USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Öræfa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Þessum reglum var síðast breytt á 78. ársþingi USÚ, á Hótel Höfn 14. apríl 2011.

Starfskýrslur aðildarféлага

Ungmennafélagið Máni. Starfsskýrsla ársins 2014

Starfsemin á árinu var með venjubundnum hætti. Aðalfundur Mána var haldinn 23. febrúar s.l. og á hann mættu 8 félagsmenn. Ársþing USÚ var haldið 31. mars í Nýheimum og á það mættu fulltrúar Mána.

Að venju var þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur. Veðrið var gott, þurrt og hlýtt enda var þetta einn af fáum dögum þetta sumarið sem viðraði til heyskapar. Göngufólkið var flutt með sirkusvagninum að gömlu flugbrautinni niður á Völlum en þar eru nú kartöflugarðar. Gengið var niður veginn milli skjólbeltanna að ánni, síðan í vestur að Ármótahylnum þar sem Laxá og Hoffellsá mætast. Þaðan lá leið upp varnargarðinn meðfram Laxá þar til að sirkusvagninum var komið. Síðan var fólkið flutt að Mánagarði þar sem grillaðar voru pylsur og farið í leiki. Stjórn Mána þakkar öllum sem mættu kærlega fyrir komuna.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá 18. desember s.l. Það var líkt og undanfarin ár keypt af Kiwanisklúbbnum Ósi.

Nýtt tölublað af Vísi kom út rétt fyrir síðustu jól og var því dreift í allar sveitir í Austur-Skaftafellssýslu.

Vetrargangan fór fram 30. desember 2014 í ágætis veðri. Gengið var frá Mánagarði og upp að Meðalfellsrétt og aftur tilbaka.

Hin árlega Þrettándagleði var haldinn niður á Völlum þann 6. janúar. Veðurútlit var ekki sérstakt og af þeim sökum var brennurni flýtt til klukkan 18:00. Brennuefnið var mjög blautt en ágætlega tókst að láta bálköstinn loga og Björgunarfélag Hornafjarðar var svo með flugeldasýningu sem var, líkt og fyrri ár, mjög tilkomumikil.

Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Mána

Á liðnu sumri tók U.M.F. Máni þátt í nýstofnaðri 4. deild KSÍ og var það í fyrsta skipti sem félagið tók þátt í deildarkeppni, utanhúss, á vegum KSÍ. Þriggja manna stjórn undir forystu Reynis Ásgeirssonar var kosin til að fara með málefni knattspyrnudeildarinnar.

Mikill áhugi ríkti fyrir því að spila með félaginu og voru hvorki meira né minna en 44 félagaskipti gerð yfir í Mána. Gunnar Ingi Valgeirsson tók að sér yfirumsjón með æfingum og var hann skipaður spilandi þjálfari liðsins.

Æft var tvisvar í viku á Mánavelli og ávallt var góð mæting. Mótið hófst 20. maí og fyrsti leikur Mána var gegn Þrótti Vogum á útivelli. Alls voru spilaðir 12 leikir þetta sumarið og var helmingur þeirra á útivelli. Vel gekk að manna í allar ferðir. Spilamennska liðsins batnaði með hverjum leik en þó féllu úrslitin ekki með Mánamönnum og á endanum sat félagið á botni riðilsins. En Róm var ekki byggð á einu degi og því er félagið staðráðið í að mæta aftur til leiks að ári í 4. deildinni og gera betur.

Sveinn Rúnar Ragnarsson, formaður U.M.F. Mána

Golfklúbbur Hornafjarðar. Ársskýrsla 2014

Ágætu félagar og gestir.

Starfsemi klúbbsins var með hefðbundnum hætti árið 2014.

Félagar í klúbbum eru 80. Stjórnarfundir voru 7. Aðalfundur var haldinn 5. mars og mættu 11 félagar.

Framkvæmdir og viðburðir 2014:

Fjármál.

Stjórnin tók ákvörðun hækkun klúbbgjalda, leigu á skápum og skála. Ákveðið var að hækka vallargjald einstaklinga úr kr. 3.300 í 3.500 kr. og að hafa árgjald óbreytt þetta árið. Skápagjald var hækkað í kr. 5.000 og leiga á skála í kr. 20.000 og að lágmarki kr. 5000 aukalega fyrir þrif. Fjárhagsstaða klúbbsins er góð, klúbburinn er skuldlaus og hagnaður ársins var kr. 2.4 milljónir.

Framkvæmdir á velli og skála.

Skipt var um gler í skálanum að hluta. Keypt var 50" sjónvarpstæki að upphæð 130 þús. kr. með góðum afslætti hjá Nettó.

Fyllt var í sandgryfju við sjöundu flöt, búin til smá hóll og ætlunin að tyrfa í vor. Flatir voru gataðar og sandaðar. Óli Kristján var starfsmaður á velli eins og verið hefur. Eddy Oosterbaan var starfsmaður í skála.

Golfkennsla.

Óli Kristján og Guðm. Borgar voru með leiðbeiningar fyrir börn og unglinga eins og árið áður.

Golfdagur var ekki haldinn að þessu sinni.

Andrea Ásgrímsdóttir var með golfkennslu í endaðan maí og var aðsókn góð og ánægja með kennsluna.

Samningar.

N1 hefur sagt upp auglýsingasamningi við klúbbinn.

Samningur við KPMG gildir út árið 2015.

Ekki er búið að endurnýja samninga við Nettó og LÍ. Nettó hefur styrkt klúbbinn með góðum afslætti af sjónvarpi. Húsasmiðjan hefur einnig styrkt klúbbinn með 50% afslætti af boltum í boltavél.

Mót.

Mót voru 18 í allt:

Stærstu mótin voru Húmarhátíðarmót með 51 þátttakendur, Landsbankamót með 15 þátttakendur, Sparisjóðsmót með 12 þátttakendur, Jöklamót með 15 þátttakendur, Nettó miðvikudagsmótaröð 14-14-8-9-11. Smærri mót voru Jónsmessumót, Meistaramót GHH, 2 texas mót, Paramótaröð Húsasmiðjunnar x5, Páskamót með 12, Snærismót á Sumardaginn fyrsta, Vanur óvanur, Í Formi, Kjötsúpumót og Áramótastemning GHH.

Síðast en ekki síst var haldið mót þann 31. maí 2014 til minningar um Gunnar Hersi Benediktsson sem lést 25. júlí 2013 og rann ágóði af mótinu til Björgunarfélags Hornafjarða, þátttakendur voru 49.

Sveitakeppni Austurlands var haldin á Seyðisfirði 26. júlí og fór sveit héðan og lenti í 3ja sæti.

Klúbburinn var með samning við Golfklúbbinn Kjöl í Mosfellsbæ eins og undanfarin sumur.

Við óskum ykkur góðs og gleðilegs golfsumars og þökkum ykkur fyrir komuna.

Hornafirði, 3. febrúar 2015

Stjórn GHH.

Ársskýrsla Ungmennafélags Öræfa fyrir starfið á árinu 2014

Sunnudaginn 30.mars 2014 var aðalfundur UMFÖ haldinn í Hofgarði. Þar voru ágætar umræður um starfið undanfarið og hvað væri framundan.

Mánudaginn 15.apríl fóru Lóa og Regína á USÚ þing austur á Höfn.

17.júní voru hátíðahöld í Svínafelli, á hinu hefðbundna útisamkomusvæði fyrir austan Hálsaskersgarð. Samkoman tókst vel, það voru 61 sem mættu í hátíðaskapi og þátttaka var góð í dagskránni.

Fyrst stýrði Hólla gönguferð upp í minningarreit um látna Ungmennafélaga og síðan að skoða tvö næstu gil. Svo hófust leikir undir stjórn Regínu, Lóu og Sigrúnar: boðhlaup með kartöflu í skeið, spretthlaup, boðhlaup með mexíkóska hatta, pokahlaup, reiptog. Þá var gert matarhlé! Klaus bauð upp á heimagerðar grillpysur og þær voru rómaðar af öllum. Ungmennafélagið bauð líka upp á hefðbundnar SS pysur og meðlæti, safu og súkkulaðikex. Hólla, Regína og Lóa sáu um grillunina. Síðan hófst ratleikur og þar voru fjögur lið:

a) Bleiku skinkurnar: Fimm stelpur

b) Guðmundur Ágúst: Fimm strákar (Gissur valdi nafnið á liðinu :)

c) Ljós, ljós, ljósbrúnt: Fjórir strákar

d) Hnappavalladýfurnar: 8 stelpur

Þetta var mjög skemmtilegt, liðin kölluðu upp nöfnin á liðinu sínu þegar rétti miðinn var fundinn og það var mikið hlaupið og mikið hlegið.

Að lokum fóru elstu krakkarnir í fótbolta en flestir fullorðnir voru þá farnir heim.

Hólmfríður er í forystu fyrir Gönguhóp UMFÖ, hún skipulagði gönguferð og bauð Ferðafélagi A-Skaft að taka þátt. Við gengum frá Hnappavöllum að Hofi, efri leiðina, eins og Hnappvellingar gerðu í gamla daga áður en vélknúnu farartækin voru komin. Við óðum yfir Gljúfursá því steinboginn sem farið var yfir í gamla daga hrundi fyrir nokkrum áratugum síðan. Þátttakan var fín, skemmtilegt fólk þó ekki væri það margt að tölu: Fimm Öræfingar og fjórir að austan.

Gönguhópurinn fór í eftirtaldar ferðir á árinu:

11 jan. 2014 Gengið upp í Jökla, mæting 8 manns

25. jan Gengið út í Eyjahús á Hofi, mæting 9 manns

8. feb. Gengið í Destrikti, mæting 8 manns

15 feb Gengið inn í Stiga á Hnappavöllum, mæting 13 manns

22 mars Gengið með Hnappavallahömrum, að Salthöfða mæting 17 manns

16. nóv. 2014 Gengið frá Hnappavöllum að Hofi með Ferðafélaginu mæting 9 manns

28. des. 2014 Gengið í Markhól í Svínafelli mæting 8 manns

Jólaballið var haldið 3ja dag jóla, löng hefð er fyrir jólaballi þann dag þó stundum hafi verið valinn annar dagur ef það þykir henta betur. Nefndin var Lóa, Sigrún, Palli, Gissur og Sunneva. Sunneva lék jólasvein, Gluggagægi og gerði það með stakri þryði. Sigurgeir og Lalli spiluðu á meðan gengið var í kringum jólatréð, Hafdís, Steina, Lóa og Sigrún stýrðu söngnum. Góð þátttaka var í jólatrésöngunni og góð mæting var á viðburðinn. – Þegar hætt var að ganga í kringum jólatréð notaði Sigrún tækifærið og afhenti Sigurgeiri viðurkenningu fyrir tónlistarstarf liðinna ára, tilefnið var það að hann hætti sem organinsti Hofskirkju og sem meðhjálpari og formaður sóknarnefndar vildi hún veita honum viðurkenningu fyrir margra ára vel unnið starf. Var þessi vettvangur valinn því stjórn UMFÖ vildi taka þátt í þessu. Pálína Þorsteinsdóttir tók líka til máls og sagði að viðurkenningin væri sameiginlegur þakklætisvottur frá sveitungunum því fáar skemmtanir hefðu verið hjá ungmennafélaginu, skólanum og kirkjunni án spilunarframlags Sigurgeirs. Viðurkenningin var útskorið skjaldarmerki, Páll Bergsson skar það út en hann er einmitt jafnaldri Sigurgeirs. – Að þessu loknu var boðið upp á eplasafa, kaffi og rjómatertur.

Í jólafríinu komu ungmennin í Örafum a.m.k. þrisvar saman í Hofgarði til að spila borðtennis, 8 – 12 þátttakendur hverju sinni. Þetta var mjög gaman.
Þess má geta að ungmennafélagið og skólinn hafa alla tíð haft samstarf með barna- og unglingsstarf, t.d. kaupir ungmennafélagið stundum búnað sem síðan er nýttur í leikfimi eða frímínútum skólans.
Sigrún Sigurgeirsdóttir, formaður

Ársskýrsla Skotfélags Hornafjarðar.

Á árinu 2014 gerði skotfélagið leigusamning um land undir skotæfingasvæði í landi Hóla í Nesjum og höfum við komið okkur upp bráðabirgða aðstöðu þar fyrir ríffilskotfimi og byrjuðum að nota það svæði til að taka menn í skotpróf fyrir hreindýraveiði, einnig var verklega kennslan í sambandi við byssuleyfi haldin þar. Ekki höfum við enn fengið svæðið samþykkt af bæjaryfirvöldum þar sem þeir hafa dregið lappirnar í sambandi við að fá hljóðmælingu svo hægt sé að gefa út endanlegt starfsleyfi en þangað til verðum við að bíða með frekari uppbyggingu.

Við versluðum fimm nýjar leirdúfuvélar sem koma til með að verða settar upp á vellinum svo við komum til með að hafa bæði löglegan íþróttavöll (skeet) og einnig svokallaðan trappvöll sem henntar mjög vel til æfinga fyrir veiðar. Við höfum ekki haldið formlegan aðalfund á meðan þessi mál eru í vinnslu en munum gera það um leið og framkvæmdaleyfi liggur fyrir og munum í framhaldi af því senda út árgjöld til allra félaga sem skráðir eru í félagið en reglulega kemur stjórnin saman og fundar um málefni félagsins.

Fyrir Hönd skotfélagsins
Ingólfur Guðni Einarsson
Borgar Antonsson

Ársskýrsla hestamannafélagsins Hornfirðings árið 2014.

Haldin voru nokkur innanfélagsmót á árinu 2014, í reiðhöllinni og einnig á keppnisvellinum að Fornustekjum. Þátttaka var yfirleitt ágæt. Félagsmótið Sparisjóðsmótið / úrtaka fyrir landsmót var haldið um miðjan júní að venju þátttaka var fremur góð og fram komu glæsilegir hestar. Félagið sendi 4. hesta á landsmót og komst einn af þeim í úrslit, Klerkur frá Bjarnanesi.

Vinna við reiðhöll hélt áfram á árinu unnið var í rafmagni og komið er aðgangskerfi inn í höllina og einnig nýtt eftirlitskerfi.

Búið er að loka af land hestamannafélagsins með því að setja hlið út við Laxá og á Öddastíginn sem liggur að Hoffellsá.

Útreiðanefnd stóð fyrir nokkrum sameiginlegum útreiðatúrum. Þá er félagið búið að kaupa loftaefni til að setja í loftið í salnum í Stekkhól, sem mun gera alla hljóðvist betri í húsinu.

Talsverð endurnýjun var í stjórn á aðalfundi sem haldin var í lok nóvember 2014, nýr formaður, Pálmi Guðmundsson tók við af undirritaðri.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Hornfirðings,

Bryndís Hólmarsdóttir

Ungmennafélagið Sindri. Aðalstjórn

Aðalfundur 24. mars 2015, ársskýrsla vegna ársins 2014

Ágætu fundarmenn. Árið 2014 var að mörgu leyti hefðbundið en þó annasamt hjá stjórninni þar sem klára þurfti stór hagsmuna mál svo félagið gæti sem best sinnt iðkendum sínum og því mikilvæga hlutverki sem það gegnir í okkar samfélagi. Eitt af þessum stóru málum er ferðamáti keppenda okkar og óhætt er að segja að talsvert þúður hafi farið í að reyna að finna skynsamlega lausn á því máli. Ég held að við höfum fundið ágætis lausn en bílamálin verða þó að vera í stanslausri skoðun og mikilvægt er að leita alltaf hagkvæmustu lausna hverju sinni. Í byrjun árs seldum við báða bílanna okkar og keyptum okkur einn og hálfan bíl, annars vegar einn 9 manna og síðan helming á móti Fallastakki og er það byrjunin á samstarfi sem ég bind vonir við og hefur gengið vel frá því að við skrifuðum undir í maí á síðasta ári. Ég held að þetta samstarf sé komið til að vera og sé báðum aðilum til hagsbóta. Við fáum betri nýtingu á fjárfestingu okkar og höfum aðgengi að vönum bílstjórurum en það hefur oft verið talsvert mál að fá bílstjóra á stærri bílana eins og þið vitið. En félagið er með bundnar um það bil sjö og hálfan miljón í bílum.

Sumarið gekk sinn vana gang hjá félaginu og við höldum íformi um haustið eins og undafarinn ár, að byggja það mót upp ætlar að verða talsvert langhlaup en við hjá Sindra erum úthaldsgóð og þrjósk og erum ákveðin að halda því áfram. Það hefur valdið mér áhyggju hvað endurnýjunin er lítil hjá körlum en mér finnst ég oftast sjá ný andlit hjá konunum. Við erum enn að mæta þessir sem mættum á fyrsta mótið en karlar á milli 30 og 40 ára eru sjaldséðir, kannski eru þeir með börnin á meðan mömmurnar keppa? Kannski eru þetta ekki greinar sem þeim hentar? Vilja frekar póker og FIFA 2015 en það er bara áskorun að finna greinar við sem flestra hæfi og koma þeim fyrir á þeim tíma og í því rúmi sem við höfum.

Haustið fór í samningagerð við nýja bæjarstjórn og lögðum við upp með það að halda verðgildi samningsins sem við höfðum, en það verður að segjast eins og er

að það olli mér vonbrigðum að það skyldi ekki takast. Fyrir félag eins og okkar með fullt af fólki á launaskrá er mikilvægt að leitast við að halda verðgildi samninga þegar þeir eru endurnýjaðir og náttúruleg helst að stækka þá. Það verður verkefni nýrrar stjórnar félagsins að bregðast við þessu þar sem samningurinn er uppsegjanlegur í haust áður en sveitafélagið fer í sína fjárhagsáætlunar gerð. Framkvæmdastjóri og aðalstjórn hljóta að fara í þá vinnu með sveitafélagin að tryggja rekstrargrundvöll UMF Sindra í þeirri mynd sem hann er núna. Ef ekki þá er ekkert annað en að skera niður hjá aðalstjórn og hækka æfingargjöld hjá deildum. Að finna nýjar tekjulindir hefur því miður ekki gengið alltof vel hjá okkur.

UMF Sindri varð 80 ára 1. desember og buðum við stjórnnum deilda til samsætis í tilefni þess, það var vel heppnað og ætti örugglega að gerast oftar. Við ákváðum að gera eitthvað fyrir þá ómissandi sjálfbodaliða sem taka það að sér að stýra deildum félagsins, frekar en að halda almenna afmælishátíð eins og gert var á 75 ára afmælinu.

Þar sem ég hef ákveðið að draga mig út úr aðalstjórn Ungmannafélagsins Sindra vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum þeim fjölmörgu stjórnarmönnum og þjálfurum sem ég hef starfað með í gegn tíðina fyrir samstarfið, einnig vill ég þakka Valdemari Einarssyni framkvæmdarstjóra félagsins fyrir samstarfið og óska félaginu alls hins besta í framtíðinni.

Takk fyrir mig

Ásgrímur Ingólfsson

Blakdeild Sindra

Vetur 2014

Sindri sendi 1 lið til keppni á Íslandsmóttinu í blaki. Meistaraflokkur karla tók þátt í 2. deild austur og var spilað í 2 túrningum.

Meistaraflokkur kvenna tók ekki þátt í Íslandsmóti blakárið 2013-2014.

Sindri sendi síðan 2 lið á Öldungamót í Akureyri. Eitt karla lið og eitt kvenna lið.

Yngri flokkarnir fóru á sín árlegu Íslandsmót og var fyrri hlutinn haldinn í Kópavogi og á Akureyri.

Einnig fór 3. fl. karla og kvenna á bikarmót til Reykjavíkur.

Allt gekk vel og krakkarnir stóðu sig vel innan vallar sem utan.

Þeir sem þjálfuðu hjá blakdeild Sindra voru: Brynjúlfur Brynjólfsson með mfl. kvenna og karla,

2. fl, 3. fl. og 4. fl karla og kvenna. Sævar Þór með 5. fl karla og kvenna.

Sumarið 2014

Blakdeildin fékk Karl strandblakara til að koma og halda strandblaksnámskeið í júní. Vel tókst til og hátt í 20 manns mættu og lærðu strandblak.

Æfingar í strandblaki voru síðan ágúst og sept. og var mæting ágæt.

Blakdeildin sá um strandblaksmót á móttinu Íformi fyrir 30 ára og eldri.

Haust 2014

Nýr þjálfari var ráðinn fyrir mfl. kvenna og 3. og 4. fl. kvk, hún heitir Asia og kemur frá Póllandi.

Brynjúlfur tók mfl. kk, 3. og 4. fl kk.

Því miður var ekki hægt að fá æfingatíma fyrir 5. fl. í haust.

Meistaraflokkur karla og kvenna voru skráð í Íslandsmót.

Yngriflokkarnir fóru á sín Íslandsmót á Neskaupstað og í Mosfellsbæ.

Allt gekk vel eins og alltaf hjá okkur.

Iðkendum fækkaði á milli ára og eru nú milli 50 – 60.

Deildin er rekin með smá tapi þetta árið. Það sem hefur bjargað deildinni er styrkur frá bænum og ferðastyrkur frá ÍSÍ, æfingagjöldin reka yngriflokkana en meistaraflokkarnir eru reknir með tapi.

Aðsókn í meistaraflokk karla hefur verið nokkuð góð og líka hjá konunum.

Aðsókn hjá yngriflokkum þökkaleg, mætti vera betri.

Í stjórn blakdeildar Sindra árið 2014 voru: Sævar Þór Gylfason, Páll Róbert Matthiasson og Valgeir Steinarsson.

Sævar Þór hættir störfum vegna flutninga og inn kemur Jóhanna Björg Jóhannsdóttir.

Fimleikadeild Sindra

Starfsárið 2014-2015

- Starfsárið hjá fimleikadeildinni hófst af krafti og ákveðið að ráðast í mikil tækjakaup á árinu.
- Farið var í að undirbúa styrkumsóknir ásamt framkvæmdastjóra Sindra, og allt í allt söfnuðust 3 milljónir en eitthvað af því eru styrkir m.a. frá sveitarfélaginu og Rannís.
- Áhöldin sem keypt voru komu í sumarbyrjun og er mikil ánægja með þau hjá þjálfurum og munu þau koma til með að bæta starfið enn frekar fyrir alla aldurshópa.
- Á haustönn var farið með keppendur á einstaklingsmót í stökkfimi til Keflavíkur og gekk sú ferð vel.
- Nokkuð óvenjuleg staða kom upp hjá elstu iðkendum fimleikadeildar á árinu. Staðan var þannig að aðeins 3 iðkendur eru í 2. Flokk og því ómögulegt fyrir þá að keppa í hópfimleikum. Því var brugðið á það ráð að fara í samstarf við Gerplu þar sem Kristinn Þór Guðlaugsson er þjálfari og gat tekið á mótí þeim reglulega á æfingu. Á vorönninni urðu síðan formleg félagaskipti hjá þessum iðkendum og keppa þær nú fyrir Gerplu hönd og fara regluleg á æfingu þar.
- Farið var á tvö mót á vorönn annað á Selfossi og hitt á Akureyri og að venju stóðu okkar keppendur sig vel.

- Foreldradagurinn er orðin árlegur viðburður hjá okkur í mars og tókst með eindæmum vel. Mikil og góð mæting var og foreldrar sem börn höfðu gaman af að sprella saman.
- Innanfélagsmótið var haldið 7 maí og gekk mjög vel. Miklar framfarir hafa verið hjá iðkendum og virkilega gaman að sjá hve mikið af efnilegu fimleikafólki við eigum. Stjórninni bar þó saman um að of seint væri að halda þetta mót í maí og verður því stefnt á að halda það frekar í apríl í framtíðinni.
- Það síðasta sem gert var á vorönninni var að halda vorsýningu fyrir foreldra og var hún vel heppnuð.
- Í ágúst var ljóst að komin var upp erfið staða í þjálfaramálum þar sem 6 þjálfarar hættu hjá okkur en sem betur fer tókst okkur að fá inn nýja þjálfara svo starfið gæti hafist í september en veturinn hefur þó verið frekar þungur því auðvitað hafa svona miklar breytingar áhrif.
- Árlegur kynningar fundur fyrir foreldra var haldin um miðjan september en mætingin var frekar dræm svo ekki tókst að fá tengla á þeim fundi og reyndar hefur það gengið treglega í allan vetur.
- Í lok annar í desember var starfið brotið upp í lokatímanum og börnunum boðið upp á pizzu, bíómynd og sprell sem mæltist vel fyrir .
- Janúar hófst svo með undirbúningi móts sem farið verður á í febrúar.
- Einnig var gengið frá kaupum á peysum fyrir iðkendur í lok janúar.

- Farið var á hópnot þann 13 febrúar og þar náði 4 flokkur þeim glæsilega árangri að lenda í fyrsta sæti í c deild og 3 flokkur stóð sig einnig mjög vel og lenti í 4 sæti í b deild.
- Fundað var með þjálfurum í lok febrúar til að taka aðeins stöðuna og fá einnig að vita hverjir vilja halda áfram að þjálfna næsta haust. Við fengum þær gleðifréttir að Ragnar Magnús Þorsteinsson mun líklega snúa aftur til starfa í haust og það mun létta starfið mikið.
- Mikil og metnaðarfull áform eru hjá yfirþjálfara fimleikadeildar og munu nokkrar breytingar eiga sér stað með haustinu á starfinu. Fróðlegt verður að fylgjast með áframhaldandi vexti fimleikadeildarinnar.
- Framundan á vorönninni eru tvö mót sem iðkendur frá okkur munu taka þátt í ásamt innanfélagsmóti fimleikadeildarinnar. Svo er það auðvitað vorsýningin okkar sem hefur verið mjög skemmtileg. Sem sagt margt spennandi að gerast í fimleikunum á næstunni.

Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra fyrir starfsárið 2014

Yngri flokkar

Starf deildarinnar var með hefðbundnum hætti á árinu 2014. Iðkenda fjöldi hjá deildinni er svipaður og var í fyrra eða um 65 manns. Síðastliðin ár hefur verið farið í átak á haustin til að ná inn iðkendum sérstaklega í yngstu bekkjunum þ.e. krökkum í Hafnarskóla. Þetta hefur skilað sér í fleiri iðkendum en sérstaklega vantar upp á að stelpurnar mæti.

Í sumar var farinn ferð í æfingarbúðir til Spánar með 10 stráka á aldrinum 13-16 ár. Ferðin gekk vel og allir ánægðir sambland af þjálfun og skemmtun.

Keppnistímabilið 2014-2015 höfum við sent til keppni krakka í 1-4 bekk á helgarmót og minnibolta strákra 11 ára, sem er skipað er strákum í 5-6 bekk. Hafa keppt í Íslandsmóti þar sem keppt er með formi fjölliðamóta.

8-9 bekkur hefur verið að æfa en ekki sent lið til keppni. Að lokum hefur öflugt lið strákra í 11. flokki verið með í Íslandsmóti og keppt staka leiki heima og að heiman og hafa þeir hafa fengið liðstyrk úr 9-10 bekk.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur karla stóð sig mjög vel á keppnistímabilinu 2013-2014 og komst í úrslitakeppnin og alla leið í undanúrslit 2. deildar. Þar töpuðu Sindramenn fyrir ÍG. Erlendur leikmaður og þjálfari Sindra De'Shaud Johnson hafði mikið að segja fyrir flokkinn og lyfti starfinu klárlega upp. Keppnistímabilið 2014-2015 hefur farið ágætlega af stað og er liðið í baráttu um að komast í úrslitakeppnina þegar þetta er skrifað. Liðið er skipað reynsluboltum ásamt góðum kjarna af ungum strákum úr 11.flokki. Fyrir þetta tímabil var fenginn nýr erlendur leikmaður að nafni Andrew Kelly. Hann skilaði ágætis framlagi sem leikmaður en var með litla reynslu sem þjálfari. Í nóvember fékk hann leyfi til að fara heim til að sinna veikri móður sinni og kom ekki aftur þrátt fyrir gefin loforð um slíkt. Þar að auki sveik hann töluverða fjármuni út úr deildinni sem ekki sér fyrir endann á að skili sér til baka. Í kjölfarið á þessu var De'Shaud Johnson fenginn aftur til starfa í janúar og er hann að skila góðu starfi.

Meistaraflokkur kvenna var skráður með Hetti í B-liðakeppni á Íslandsmóti þennan veturinn. Stelpurnar kepptu einu sinni fyrir áramót og gekk það mót vel. Ákveðinn kjarni hefur verið að æfa núna eftir áramót en ekki víst hvort hægt verði að keppa með Hetti í síðasat mótinu.

Reksturinn

Rekstur deildarinnar hefur verið í jafnvægi undanfarin ár og hafa æfingagjöld dekkað nokkurn vegin kostnað við þjálfun yngri flokka. Það að fá erlendan leikmann og þjálfara hefur auðvitað aukið kostnaðinn til muna. Ýmsar fjáraflanir hafa verið í gangi hjá deildinni og aðallega í formi vinnuframlags fyrir bæinn og einkaaðila. TM og Landsbankinn hafa keypt skilti í íþróttahúsið ásamt því að Kaffihornið hefur styrkt okkur um eina heita máltíð á dag fyrir erlenda leikmanninn. Ferðastyrkurinn frá ÍSÍ hefur svo verið drjúgur. Ofan nefnd svik

Andrew's við deildina eru dýrkeypt og settu áætlanir úr skorðum, þeim þarf því að bregðast við með auknum fjáröflunum sem við sjáum fram á að klára.

Þjálfaramál

Þjálfaramálin hafa verið í ágætis fervegi í vetur. Samningaviðræður sem vor í gangi í fyrra vor og sumar við reyndann íslenskan þjálfara sem bundnar voru vonir við gengu ekki upp. Eftir það var ákveðið að fá aftur erlendan leikmann fyrir meistaraflokk sem gæti einnig þjálfað hann og yngri flokka.

Kristján Örn Ebenezarson hefur séð um 1-4 bekk ásamt því að vera aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki og sjá um æfingar hjá þeim þegar þjálfara hefur vantað. Þakkar stjórnin honum gott starf.

De'Shaud Johnson hefur nú séð um aðra yngri flokka ásamt meistaraflokki. Hallmar Hallsson og leikmenn 11.flokks hafa svo gripið inn í þegar að það hefur vantað aðstoð. Hallmar sá t.d. um 11.flokkinn þegar millibilsástand skapaðist milli erlendra leikmanna/þjálfara.

Höfn, mars 2015

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Sindra

Frjálsíþróttadeild Sindra

Skýrsla stjórnar

Á starfsárinu hætti Jóhanna Íris Ingólfssdóttir sem þjálfari og í hennar stað var ráðinn Göran Basrac. Göran er menntaður íþróttakennari svo við höfum verið vel sett með þjálfara þetta árið. Aftur á móti hefur iðkendum fækkað verulega og er það slæmt og verður að huga að hvernig hægt er að efla áhuga barna og unglinga á frjálsum íþróttum.

Iðkendur frá Sindra hafa verið að fara á þessi helstu mót sem haldin hafa verið á árinu og staðið sig vel og þó nokkrir hafa hafnað í verðlaunasætum og jafnvel landað Íslandsmeistaratitli.

Stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra

Knattspyrnudeild Sindra

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2014.

Í stjórn knattspyrnudeildar Sindra fyrir árið 2014 sátu Kristján Sigurður Guðnason formaður, Gunnar Stígur Reynisson varaformaður, Gunnar Ingi Valgeirsson gjaldkeri og Ólöf Þórhalla ritari.

Stjórn knattspyrnudeildar Sindra fundar undantekninga lítið einu sinni í viku.

Markmið og stefna stjórnar er að efla knattspyrnuíðkun og stuðla að auknum forvörnum í samfélaginu, viðhafa ábyrga fjármálastjórn, hlúa vel að og efla yngri flokkana og styðja við framtíðaruppbyggingu eldri flokka knattspyrnudeildar Sindra.

Knattspyrnuskóli Sindra var haldinn í fyrsta skipti í mars mánuði, iðkendur voru um eittundrað og tókst hann í alla staði mjög vel. Meðal þjálfara var A-landsliðsþjálfari karla Heimir Hallgrímsson ásamt okkar öflugum þjálfurum. Verkefni af þessum toga væri ill viðráðanlegt án aðkomu foreldra og sjálfboðaliða og er það markmið stjórnar að skólinn verði árviss viðburður og lagt verði upp úr gæðum frekar en fjölda þáttakenda.

Aðstaða til knattspyrnuíðkunar er mjög góð og Báran gerir okkur kleift að taka að okkur verkefni eins og t.d knattspyrnuskólann og einnig verða allar æfingar yfir vetrartímann markvissari, en ekki eigum við að láta staðar numið heldur leita áfram upp á við og bæta aðstöðuna enn frekar, við höfum alla burði til að okkar knattspyrnu fólk standist fyllilega samanburð. Á árinu 2014 átti knattspyrnudeild Sindra sjö einstaklinga sem tóku þátt í æfingum landsliðsins og þar af þrjár stúlkur sem fóru áfram og spiluðu landsleiki.

Óli Stefán Flóventsson þjálfari meistaraflokks karla síðustu fimm ár og síðasta árið yfirþjálfari lét af störfum í október að eigin ósk og þökkum við honum vel unnin störf. Við hans starfi tók Auðun Helgason fyrrum landsliðsmaður og mun hann stýra mfl. Karla næstu tvö árin. Sigurborg Jóna Björnsdóttir hefur nú tekið við mfl.kvenna. Aðrir þjálfara voru Nihad Haccic, Jóhann Bergur Kiesel, Guðrún Ása Jóhannsdóttir, Iðunn Tara Ásgrímsdóttir, María Hjördís Karlsdóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Ingibjörg Valgeirsdóttir og Sævar Þór Gylfason sem þjálfað hefur nær sleitulaust frá árinu 1998 lætur nú af störfum eftir sumarið. Sævar Þór Gylfason hefur verið einstaklega farsæll og vel liðinn þjálfari og verður mikil eftirsjá í góðum dreng. Við þökkum Sævari vel unnin og ósérhlifin störf fyrir félagið og óskum honum velfarnaðar á nýjum vetvangi.

Yngri flokkaráð hefur látið af störfum að eigin ósk og þökkum við þeim vel unnin störf. Stjórn knattspyrnudeildar Sindra hefur tekið ákvörðum um að efla stjórnina úr fjórum í sjö og leitast verður við að jafna kynjahlutfall.

Rekstur deildarinnar er umtalsverður, mikil og löng ferðalög gera reksturinn þungan en tekist hefur undánfarin ár að halda ágætum stöðugleika en má sofna á verðinum til að svo verði áfram.

Að lokum vill knattspyrnudeild Sindra koma fram þakklæti til allra þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem lagt hafa deildinni lið á árinu 2014. Án þeirra væri þetta illmögulegt.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Sindra.

Kristján Sigurður Guðnason

Ársskýrsla Sunddeildar Sindra 2014

Starf Sunddeildar Sindra árið 2014 var að mestu óslitið allt árið. Reglulegar æfingar voru bæði yfir haust og vetrar mánuðið en ekki voru settar á sumaræfingar en það stendur til að endurskoða það.

Ný stjórn tók við í febrúar 2014 eftir að fyrri stjórn hafði setið í 6 ár. Þetta voru þær Stefanía, Sólrún og Erla Berglind.

Vetrar æfingarnar byrjuðu aftur í byrjun janúar og þá með 19 iðkendum. Trausti Magnússon hefur verið okkar þjálfari og svo bættist Goran Basrak við um haustið og tók að þjálfra C- hópinn. Ekki hefur tekist að koma Garpa æfingum af stað eftir að Þuríður fór en í feb-mars voru 11 garpar á æfingum. Til stendur að reyna koma þessum æfingum aftur af stað.

Í febrúar fóru 7 krakkar á Gullmót KR og stóðu sig með þrjú. Þá var páskaeggjamótið(12.apríl) okkar á sínum stað og þar voru 15 krakkar mættir til leiks og 8 foreldrar til að aðstoða okkur. Veitt voru verðlaun fyrir 1,2 og 3 sætið og allir iðkendur svo leystir út með páskaeggi. Sumardagsins fyrsta mót var á Djúpavogi 10. maí og þangað fóru 15 krakkar og sumir unnu til verðlauna þar.

Vorslúttið var haldið 21.maí með fatasundi, pizzuveislu á Hótel Höfn þar sem krakkarnir fengu ýmsar viðurkenningar eins og hvatningarverðlaun, bestu framfarir, besta mæting og besti félaginn, þetta hefur ekki verið gert áður og vakti mikla lukku. Í lokin var bíóveisla í Sindrabæ.

Ekki tókst okkur að hafa sundnámskeið fyrir 5-6 ára börn vegna þjálfara skorts. En búið er að festa þjálfara fyrir komandi sumar.

Haustæfingar hófust 8. september og voru það Trausti og Goran sem hafa séð um þær.

Til stóð að við færum í æfingarbúðir á Neskaupsstað svipaðar þeim sem við höldum hérna á Hornafirði 2013 en Þróttarar gáfu það frá sér.

Farið var á bikarmót á Djúpavogi 23.nóvember og þangað fóru 16 keppendur og stóðu sig með stakri þrífri og unnu einhverjir til verðlauna á því móti.

Síðasta sundtími fyrir jólafrí var 11. desember og þá var fatasund og jólabíó í Sindrabæ.

Við fórum í tvær fjáraflanir síðasta ár, það voru dósasöfnun og jólakortaútburður sem gerður er í samvinnu við fimleikadeildina og tókst hún mjög vel. Tekin hefur verið ákvörðun með fimleikadeildinni að eyrnamerkja iðkenndum þessa einu fjáröflun sökum þess hversu illa hefur gengið að fá fólk til þess að taka þátt í henni.

Gaman að segja frá þeirri aukningu sem orðin hefur í sunddeildinni en í upphafi árs 2014 voru 19 iðkenndur og lok árs 2014 voru þau orðin 30

Stefanía Anna Sigurjónsdóttir

Formaður Sunddeildar Sindra.